

13. nóvember 1984

699

Nr. 438

REGLUGERÐ

um dragnótaveiðar.

1. gr.

Lágmarksstærð möskva í dragnót skal vera 135 mm.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er sjávarútvegsráðherra heimilt í veiðileyfum að ákveða að veiðar í dragnót á ákveðnum svæðum skuli háðar sérstökum skilyrðum um lágmarksstærð möskva.

3. gr.

Óheimilt er að nota nokkurn þann útbúnað, sem þrengir eða herpir á nokkurn hátt möskva þá, sem lýst er í 1.—2. gr. reglugerðar þessarar, þó skal ekki teljast ólögmætt að festa net eða annað efni undir poka dragnótar í því skyni að forðast eða draga úr sliti. Slitvarar þessir skulu aðeins festir að framan og á hliðunum við pokann.

4. gr.

Þegar möskvi er mældur, skal hann teygður horna á milli eftir lengd netsins. Skal þá flöt mælistika, jafnbreið leyfilegri möskvastærð og 2 mm þykk, komast auðveldlega í gegnum möskvann. Netið skal mælt vott.

5. gr.

Við veiðar með dragnót er óheimilt að nota hlera og hvað eina, sem gæti komið í þeirra stað til útpenslu vængjanna.

6. gr.

Með mál sem rísa út af brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar skal farið að hætti opinberra mála og varða brot refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 264, 20. maí 1980 um dragnótaveiðar.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. nóvember 1984.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón B. Jónasson.